

Reykjavík, 2015

Ferðatryggingar, starfsmenn, sjálfboðaliðar og krakkar á vegum skáta.

BÍS = Bandalag Íslenskra skáta

- **Krakkar** í ferðum erlendis á vegum BÍS þurfa ferðatryggingu
 - Börn eru tryggð undir heimilstryggingu foreldris á meðan þau eru með sama lögheimili, sameiginlegt heimilishald og ógift. Sé ferðatrygging inn í heimilistryggingu eins og F+2, F+3 og F+4 að þá er barn tryggt þar undir.
 - Börn eru tryggð undir kreditkorti foreldris á meðan þau eru með sama lögheimili eða á þeirra framfæri til loka 22 ára aldurs. Á þessu eru sú kvöð að ef BÍS greiðir fyrir börnin með Visa korti félagsins þá virkjar sú greiðsla Visa kort foreldris (sé það gefið út af Íslenskum banka) þannig að barn verður tryggt þar undir sé kort þá með ferðatryggingu innifalda. Ekki þarf þó að virkja Platinum kort sérstaklega. Platinum kort gildir fyrir börn á framfæri til loka 22 ára aldurs og gildir hámark í 90 samfellda ferðadaga. Gull kort gildir fyrir börn á framfæri til loka 22 ára aldurs og gildir hámark í 60 samfellda ferðadaga.
 - Ef hvorugt er til staðar hér að ofan þarf að kaupa staka ferðatryggingu.
 - Ef greitt er með Visa korti virkjast ekki tryggingar á Mastercard og American Express kortum
- **Sjálfboðaliðar** á vegum BÍS erlendis þurfa ferðatryggingu
 - Sjálfboðastarf felur í sér að viðkomandi greiði ferðir og uppihald sjálfur og þiggur ekki laun.
 - Uppfylli sjálfboðaliðar ofangreint eru þeir tryggðir undir heimilistryggingu með ferðatryggingu innifaldri eins og F+2, F+3 og F+4. Hámark 92 samfellda ferðadaga.
 - Uppfylli sjálfboðaliðar ofangreint eru þeir tryggðir undir Visa korti sínu. Á þessu eru sú kvöð að ef BÍS greiðir fyrir sjálfboðaliða með Visa korti félagsins að þá virkjar sú greiðsla Visa kort sjálfboðaliðans þannig að hann verður tryggður þar undir sé kort þá með ferðatryggingu innifalda. Ekki þarf þó að virkja Platinum kort sérstaklega. Platinum gildir hámark í 90 samfellda ferðadaga. Gull kort gildir hámark í 60 samfellda ferðadaga.
 - Ef hvorugt er til staðar hér að ofan þarf að kaupa staka ferðatryggingu.
 - Sé viðkomandi í launuðu starfi og handhafi platinum korts er korthafinn tryggður því platinum kort gilda í vinnu sé hún 90 dagar eða skemur.
 - Ef greitt er með Visa korti virkjast ekki tryggingar á Mastercard og American Express kortum
- **Starfsmenn** í ferðum erlendis á vegum BÍS þurfa ferðatryggingu.
 - Platinum kort gildir á ferðum erlendis hámark í 90 samfellda ferðadaga, hvort sem um er að ræða frí eða vinna. Ekki er nauðsynlegt að virkja kortið með greiðslu, kortið er alltaf virkt.
 - Starfsmenn eru tryggðir undir öðrum kortum Visa en platinum til og frá áfangastað, en ekki á meðan dvöl stendur þar sem um vinnuferð er að ræða. Á þessu eru sú kvöð að ef BÍS greiða fyrir starfsmenn með Visa korti félagsins að þá virkjar sú greiðsla Visa kort starfsmanns þannig að hann verður tryggður til og frá áfangastað, en ekki á meðan dvöl stendur. Ekki þarf þó að virkja Platinum kort sérstaklega. Platinum gildir hámark í 90 samfellda ferðadaga. Gull kort gildir hámark í 60 samfellda ferðadaga.
 - Ef Platinum kort er ekki til staðar þarf að kaupa staka ferðatryggingu þar sem önnur Visa kort eru ekki tryggð nema til og frá áfangastað eins og fram kemur hér að ofan.

Varðandi **stakar ferðatryggingar** að þá getur Vís útbúið tryggingu handa viðkomandi sem innifelur í sér erl sjúkrakostnað, örorkubætur, dánarbætur og farangurstryggingu. Þetta á eingöngu við um okkar tryggingartaka. Við erum ekki að selja stakar ferðatryggingar nema bara til núverandi viðskipta vna. Bendum fólki á þeirra félag eða félag foreldra.

Evrópska Sjúkratryggingakortið frá Tryggingastofnun:

Þegar Íslendingar ferðast í löndum Evrópusambandsins þá eiga þeir rétt á þjónustu sjúkrahúsa í almenna heilbrigðiskerfinu samkvæmt samningum við Evrópusambandið. Þó ber að athuga að ýmis annar kostnaður getur fallið til á ferðalögum erlendis, svo sem sjúkraflutningur eða ef um einkasjúkrahús er að ræða.